

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 18. júlí 2023
Málsnúmer: 202306-0025
SS

Efni: Umsögn um nýtt deiliskipulag fyrir frístundabyggð við Flókagötu í landi Munaðarness.

Vísað er í tölvubréf frá Skipulagsgátt, dags. 20. júní 2023, þar sem skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð við Flókagötu í landi Munaðarness.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu deiliskipulagsins þann 7. Mars 2023. Í umsögninni kom fram að deiliskipulagið myndi fela í sér fjölgun og stækkun frístundalóða og að áhrif þess væru einna mest á birkikjarr og votlendisvistgerðir. Ekki væri um stóra breytingu á frístundasvæðinu að ræða, enda einungis fjölgun um sex lóðir. Í umsögninni taldi Náttúrufræðistofnun jákvætt að verið væri að stækka frístundabyggð sem þegar er til staðar frekar en að byggja á nýju svæði og verið að nota innviði eins og vegi sem fyrir eru. Þá var jákvætt að við val á staðsetningu nýrra lóða hefði verið horft til þess að hlífa votlendisvistgerðum með háu verndargildi og að almennt væru skýr markmið um að hlífa birkikjarri eins mikið og mögulegt er enda undir hverfisvernd. Þá hvatti Náttúrufræðistofnun sveitarfélagið til að meta hvernig bæta mætti upp votlendi sem raskað er með endurheimt votlendis annars staðar í sveitarfélaginu.

Deiliskipulagstillagan er nú tilbúin og forsendur hafa lítið breyst frá skipulagslýsingu og þau atriði sem koma fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsinguna eiga því enn við. Jákvætt er að skilmálar deiliskipulagsins fela í sér mótvægisáðgerðir vegna rasks á birkiskógi og gert ráð fyrir gróðursetningu birkis til að vega upp sem raskast vegna framkvæmda innan frístundabyggðarinnar. Einnig er jákvætt að sérstakir skilmálar eru um að rækta skuli einungis innlendar trjá- og runnategundir til að halda í sérkenni skóglendisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

